

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina
Arnarvatnsheiði og Geitland, nr. 329/1998.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

8. gr. orðist svo:

Reikningar – ársskýrslur – rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Ársreikningur stofnunarinnar skal útbúinn og birtur ásamt skýrslu um starfsemi undangengis almanaksárs með ársreikningi þess sveitarfélags sem stofnunin á heimilisfang í skv. 1. gr.

Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár skal stjórnin gera fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Arnarvatnsheiði og Geitland staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 6. desember 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.